

**Sérfræðipjónusta sveitarfélaga  
vegna grunnskóla**

*Niðurstöður könnunar  
nóvember 2001- janúar 2002*

**Menntamálaráðuneytið  
Apríl 2002**

**Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir 28**

Apríl 2002

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 560 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

Prentun: Menntamálaráðuneytið

© 2002 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-86-7

# Efnisyfirlit

<b>Formáli .....</b>	<b>3</b>
<b>I. Fyrirkomulag sérfræðipjónustu vegna grunnskóla.....</b>	<b>4</b>
<b>II. Inntak sérfræðipjónustu.....</b>	<b>5</b>
II.1. Sálfraðipjónusta.....	5
II.2. Sérfræðipjónusta vegna nemenda með sérþarfir .....	6
II.3. Annars konar ráðgjöf .....	6
II.4. Námsráðgjöf .....	7
<b>III. Endurskoðun reglugerðar um sérfræðipjónustu skóla .....</b>	<b>7</b>



## Formáli

Markmið könnunar menntamálaráðuneytisins um sérfræðipjónustu sveitarfélaga vegna grunnskóla var að fá fram upplýsingar um skipulag, inntak og framkvæmd sérfræðipjónustu í grunnskólum sem sveitarfélögum ber að veita samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995 og reglugerð nr. 386/1996 um sérfræðipjónustu skóla. Ennfremur að kanna afstöðu til þess hvort þörf væri á að endurskoða ofangreinda reglugerð í ljósi reynslunnar og/eda nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.


Könnunin var send til sveitarfélaga í nóvember 2001. Svör bárust frá 87 sveitarfélögum eða 70% sveitarfélaga. Í nokkrum tilfellum barst svar frá byggðasamlögum fyrir hönd nokkurra sveitarfélaga. Skiladagur svara var 30. nóvember 2001, en síðustu svör bárust í janúar 2002 eftir mikinn eftirrekstur. Könnunin var unnin í samstarfi grunn- og leikskóladeildar og mats- og eftirlitsdeildar.

Efni þessa rits er einnig að finna undir Fréttir og fræðsluefni á heimasíðu menntamálaráðuneytisins **[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)**.

# I. Fyrirkomulag sérfræðipjónustu vegna grunnskóla

Samkvæmt reglugerð nr. 386/1996 um sérfræðipjónustu skóla er öllum sveitarfélögum sem standa að rekstri grunnskóla skylt að sjá skólunum fyrir sérfræðipjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf. Ef sveitarfélög reka ekki eigin sérfræðipjónustu er þeim skylt að semja um þjónustu við önnur sveitarfélög eða stofnanir sem veita þjónustu á þessum sviðum.

Í könnuninni var spurt um með hvaða hætti sérfræðipjónusta við grunnskóla væri skipulögð í sveitarfélaginu. Mögulegt var að merkja við fleiri en einn lið. Niðurstaðan birtist í mynd 1. Þar sem sjá má að flest sveitarfélög reka/skipuleggja sérfræðipjónustu sína í samstarfi sveitarfélaga eða 59% þeirra sem svara. Þar munar mestu um þau sveitarfélög sem eiga aðild að byggðasamlögum. 43% sveitarfélaga veita sérfræðipjónustu á skólaskrifstofu og kaupa þjónustu sérfræðinga eftir þörfum. Aðeins 6% segjast eingöngu reka sérfræðipjónustu á skólaskrifstofu sveitarfélagsins. Annað rekstrarform á sérfræðipjónustu er t.d. að hún sé rekin af skóla og með aðkeyptri þjónustu, veitt af ýmsum deildum/sviðum innan sveitarfélagsins.



Mikill meirihluti sveitarfélaga eða 87% reka sameiginlega sérfræðipjónustu vegna leikskóla og grunnskóla.

## II. Inntak sérfræðipjónustu

Í reglugerð um sérfræðipjónustu skóla er sveitarfélögum lögð sú skylda á herðar að bjóða kennurum og skólastjórnendum upp á ráðgjöf og stuðning sérfræðipjónustu vegna skólastarfs. Þjónustan á m.a. að felast í faglegri ráðgjöf vegna almennrar kennslu einstakra námsgreina og aðstoð og leiðbeiningum við kennara vegna sérkennslu. Í ljós kom í könnuninni að í 73% tilvika er veitt almenn kennsluráðgjöf á vegum sveitarfélaga. Mun lægra hlutfall sveitarfélaga veitir námsgreinabundna kennsluráðgjöf eins og sjá má í töflu 1.

**Tafla 1. Námsgreinabundin kennsluráðgjöf**

<b>Námsgrein:</b>	
Íslenska	28%
Erlend tungumál	22%
Stærðfræði	30%
Lífsleikni	17%
Skólaþróttir	21%
Listgreinar	20%
Upplýsinga- og tæknimennt	26%
Náttúrufræði	19%
Samfélagsfræði	16%
Heimilisfræði	15%
Kristin fræði	17%

### II.1. Sálfræðipjónusta

Langflest sveitarfélög sem svöruðu könnuninni eða 70% hafa sálfræðinga að störfum á skólaskrifstofu. 34% sveitarfélaga kaupa sálfræðipjónustu frá einstaklingum og 10% kaupa þessa þjónustu frá stofnunum. 7% leita til annarra aðila eftir sálfræðipjónustu, t.d. sálfræðings á öðru sviði innan sveitarfélagsins. Sama sveitarfélagið getur beitt öllum ofangreindum úrræðum.

**Tafla 2. Aðilar sem veita sálfræðipjónustu**

Sálfræðingar á skólaskrifstofu	70%
Aðkeypt sálfræðipjónusta einstaklinga	34%
Aðkeypt sálfræðipjónusta frá stofnunum	10%
Annað	7%

Sálfræðipjónustan sem veitt er felst nánast alltaf í greiningu og ráðgjöf eða í 95% og 97% tilvika. Tæpur helmingur sveitarfélagana veitir sálfræðimeðferð eða 47%. Spurt var hvert leitað væri þegar þörf væri á sálfræðimeðferð. Af svörunum má ráða að sveitarfélögin leita til ýmissa aðila, t.d. til sjálfstætt starfandi sálfræðinga og til sálfræðinga sem starfa á vegum sveitarfélagsins.

## **II.2. Sérfræðiþjónusta vegna nemenda með sérþarfir**

Sveitarfélögum ber að veita nemendum með sérþarfir þjónustu og spurt var hvers konar þjónustu þessum nemendum væri veitt. Í töflu 3 má sjá niðurstöðurnar. Rétt rúmur helmingur veitir aðstoð við kennslu innan grunnskóla.

**Tafla 3. Þjónusta við nemendur með sérþarfir**

<b>Tegund þjónustu</b>	
Greining á sérþörfum	97%
Ráðgjöf um kennslu	95%
Aðstoð við kennslu innan grunnskóla	57%
Ráðgjöf til foreldra	92%


## **II.3. Annars konar ráðgjöf**

Sérfræðiþjónusta skóla er ætlað að veita skólum fjölbreytta þjónustu, m.a. skal veita starfsmönnum skóla leiðbeiningar og aðstoð eftir því sem þörf er á. Sérfræðiþjónustunni er ætlað að stuðla að því að kennslufræðileg og sálfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Ennfremur skal sérfræðiþjónusta skóla veita skólunum aðstoð og leiðbeiningar vegna nýbreytni- og þróunarstarfa. Samkvæmt könnuninni veita um 80% sveitarfélaga almenna ráðgjöf og stuðning við skólastjórnendur, 64% þeirra veita ráðgjöf vegna sjálfsmats skóla og tæp 60% sveitarfélaga segjast veita ráðgjöf vegna kennslu barna með annað móturmál en íslensku og aðstoð vegna nýbreytni og þróunarstarfa. Sem dæmi um annars konar ráðgjöf má nefna ráðgjöf um símenntun, fjármál og talkennslu.

Niðurstöður úr spurningum um annars konar ráðgjöf en sálfræði- og/eða sérkennsluráðgjöf má sjá í mynd 2.



**Mynd 2. Ráðgjöf til skóla**



#### **II. 4. Námsráðgjöf**

Í könnun sem menntamálaráðuneytið gerði meðal skólaskrifstofa sveitarfélaganna í upphafi þessa árs svöruðu 19 af 25 sem tóku þátt því játandi að námsráðgjöf væri veitt í skólum sveitarfélagsins/svæðisins, eða 76%. Um helmingur þeirra sögðu að námsráðgjöf væri veitt í öllum árgöngum, hinir sögðu námsráðgjöf vera veitta í 8. – 10. bekk. Í 11 tilfellum af þeim 19 sem svöruðu því játandi að námsráðgjöf væri veitt í sveitarfélaginu/á svæðinu er námsráðgjöfin veitt í skólum. Skólaskrifstofur sveitarfélaga eru 33, en svör bárust frá 25 eða 76%.

### **III. Endurskoðun reglugerðar um sérfræðipjónustu skóla**

Gildandi reglugerð nr. 386/1996 um sérfræðipjónustu skóla var samin um það leyti sem grunnskólinn fluttist frá ríki til sveitarfélaga. Ástæða þótti til að kanna viðhorf sveitarfélaga til þess hvort þörf væri á endurskoðun reglugerðarinnar í ljósi reynslunnar og/eda nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Athyglisvert er að 22% svara ekki spurningunni, en af þeim sem svara telja 67% að ekki sé þörf á endurskoðun reglugerðarinnar. Ljóst virðist því samkvæmt þessari könnun að sveitarfélögin sem svöruðu spurningunni telja almennt ekki þörf á að endurskoða reglugerð um sérfræðipjónustu

skóla. Ef hlutfallið er hins vegar skoðað út frá heildinni, þ.e. allra sveitarfélaga sem svara könnuninni þá er hlutfall þeirra sem telja ekki þörf á endurskoðun 49%.

Menntamálaráðuneytið mun vinna nánar úr svörum við spurningu um endurskoðun reglugerðarinnar og meta í framhaldi af því með hvaða hætti verði ráðist í breytingar á reglugerðinni.